

**2016 nr. 32 10. maí****Auglýsing um liti íslenska fánans**

Tók gildi 12. maí 2016.

Litir þjóðfána Íslendinga ákvarðast sem hér segir:

Litirnir skulu miðast við SCOTDIC-litakerfið (Standard Colour of Textile, – Dictionnaire Internationale de la Couleur) þannig:

Heiðblái liturinn: SCOTDIC nr. 693009.

Mjallhvíti liturinn: SCOTDIC nr. 95.

Eldrauði liturinn: SCOTDIC ICELAND FLAG RED.

Við notkun eftirfarandi litakerfa fyrir prent- og skjámiðla skal miða við eftirfarandi litanúmer:

1. Pantone-litakerfið:

a. Heiðblái liturinn: Pantone nr. 287.

b. Mjallhvíti liturinn: Án Pantone tilvísunar (opaque white).

c. Eldrauði liturinn: Pantone nr. 199.

2. CMYK-litakerfið:

a. Heiðblái liturinn: CMYK nr. 100/75/2/18.

b. Mjallhvíti liturinn: CMYK nr. 0/0/0/0.

c. Eldrauði liturinn: CMYK nr. 0/100/72/0.

3. RGB-litakerfið:

a. Heiðblái liturinn: RGB nr. 2/82/156.

b. Mjallhvíti liturinn: RGB nr. 255/255/255.

c. Eldrauði liturinn: RGB nr. 220/30/53.

4. HEX-litakerfið:

a. Heiðblái liturinn: HEX nr. #02529C.

b. Mjallhvíti liturinn: HEX nr. #FFFFFF.

c. Eldrauði liturinn: HEX nr. #DC1E35.

5. Avery-litakerfið:

a. Heiðblái liturinn: Avery nr. 520.

b. Mjallhvíti liturinn: Avery nr. 501.

c. Eldrauði liturinn: Avery nr. 503.

Við notkun annarra litakerfa skal notast við þá liti sem samsvara best litum fánans samkvæmt SCOTDIC-litakerfinu, sbr. 1. mgr.

Nánari upplýsingar um fánalitina veitir forsætisráðuneytið og sendiráð Íslands erlendis.

Fáninn í réttum litum og hlutföllum skal vera til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands og hjá lögreglustjórum landsins.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 13. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, og tekur þegar gildi. . . .